



Frá skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps

Því miður var ekki rétt sorphirðudagatal á heimasíðu hreppsins. Það hefur verið uppfært og nýtt dagatal sett inn á heimasíðuna svalbardsstrond.is

Mínum á að Svalbarðsstrandarhreppur sendir ekki út álagningarseðla fyrir fasteignagjöldum. Álagningarseðlar eru birtir rafrænt á vefsíðunni island.is undir "Mínar síður". Innskráning er með íslykli eða rafrænum skilríkjum.

Gjalddagar fasteignagjalda eru átta frá 1. febrúar til 1. september. Eindagi fasteignagjalda er þrjátíu dögum eftir gjalddaga og fellur allur skattur ársins í gjalddaga ef vanskil verða. Hver gjalddagi fyrir sig birtist í heimabanka greiðenda undir „ógreiddir reikningar“ og jafnframt má nálgast greiðsluseðlana sjálfa undir „rafrænum skjölum“.

Skrifstofa Svalbarðsstrandarhrepps.

Næstu rusladagar

19. mars	-	Almennt sorp
1. apríl	-	Almennt sorp
9. apríl	-	Endurvinnsla
16. apríl	-	Almennt sorp

Bókasafnið:

Opið í sínum tíma á mánudögum kl. 17 til 19.

Svavar Knútur í Svalbarðskirkju

Trúbadorinn Svavar Knútur heldur tónleika í Svalbarðskirkju miðvikudaginn 1. apríl kl. 20.00. Ekki er um að ræða apríl-gabb svo því sé haldið til haga :) Aðgangseyrir 2.000 kr. og athugið að enginn posi er á svæðinu.

Verið öll velkomin!

Ströndungar 60+

Opið í Safnaðarstofu 17., 24., 31. mars, síðan 21. apríl þá er vetri að ljúka, snjór og klaki vonandi að láta undan og hægt að líta í kringum sig utandyra.

Það er lítill en góður hópur sem hefur komið saman þessa morgna í Safnaðarstofunni í vetur. Sagðar fréttir af mönnum og málefnum, ýmislegt skemmtilegt rifjað upp og mikið hlegið. Svo er það kaffið og þjóðlegt meðlæti.

Fyrir næsta vetur:

Er áhugi fyrir að halda þessu starfi áfram og í hvað mynd? Kannski bara til að hittast og spjalla og/eða vekja athygli á málum sem varða þennan hóp og stuðla að, að úr verði bætt ef þarf.

Ein Birna og tvær Önnur

Kirkjan

Fimmtudaginn 19. mars kl. 20.00 verður Orgelstund í Svalbarðskirkju. Petra Björk Pálsdóttir leikur á orgel kirkjunnar. Orð og bæn. Kertaljós og kyrrð.

Föstudaginn 20. mars kl. 15-16.30 verður TTT starf í Svalbarðskirkju, leikir og fjör fyrir börn á aldrinum 10-12 ára.

Sunnudaginn 29. mars kl. 11.00 verður páskasunnudagaskóli í Svalbarðskirkju. Barnakórinn syngur undir stjórn Brynju Elínar Birkisdóttur.

Föstudaginn langa 3. apríl verður hin árlega föstuganga í Laufásprestakalli. Lagt verður af stað frá Svalbarðskirkju kl. 11.00. Súpa í Laufási og tónleikar í Laufáskirkju kl. 14.30. Hjónin Hjalti og Lára leika og syngja.

Páskadag 5. apríl verður páskaguðsþjónusta í Svalbarðskirkju kl. 11.00

Sumardaginn fyrsta 23. apríl verður fermingarguðsþjónusta í Svalbarðskirkju kl. 11.00. Fermd verða: Alda Rut Sigurðardóttir, Alída Milla Möller Gautadóttir, Hrafninn Nótt Laufdal, Ragnar Þór Eiríksson, Stefán Viðar Stefánsson og Orri Ársælsson.

Verið velkomin til kirkjunnar og gleðilega páskahátíð!! :)

Tónlistarskóli Svalbarðsstrandar

Nú er allt á fullu hjá okkur í Tónlistarskóla Svalbarðsstrandar við undirbúning fyrir tónleika í lok marsmánaðar.



Tónleikarnir verða miðvikudaginn 25. mars kl. 18 í Tónlistarskólanum undir merkjum Skrautnótunnar.

Nótan/Skrautnótan 2015 er uppskeruhátíð tónlistarskólanna á Íslandi og samstarfsverkefni Félags tónlistarskólakennara, Félags íslenskra hljómlistarmanna og Samtaka tónlistarskólastjóra. Markmið Nótunnar er að auka sýnileika tónlistarskólanna og að tónleikarnir endurspegli fjölbreytt viðfangsefni í tónlistarnámi og vekji athygli á mikilvægu hlutverki tónlistarskóla á sviði menntunar, lista og menningar í samfélaginu.

Allir nemendur sem taka þátt í Skrautnótunni fá viðurkenningarskjal fyrir þátttökuna.

Tónlistarskóli Svalbarðsstrandar mun einnig fá viðurkenningargrip Nótunnar í ár þar sem í skólanum er einstaklega hátt hlutfall barna á grunnskólaaldri í tónlistarnámi.

Skrautnótutónleikarnir miðvikudaginn 25. mars kl. 18 verða með eingöngu samspili þar sem allir nemendur Tónlistarskólans koma fram í samleik af ýmsu tagi. Kynnir á tónleikunum er Kanínukarlinn úr Lísu í Undralandi, leikarinn Pétur Ármannsson.

Aðgangur er ókeypis og allir eru að sjálfsögðu velkomnir.

Fréttir frá Álfaborg

Í síðustu viku fengum við góðan gest til okkar, en það var hann Guðmundur Ármann myndlistarmaður og kennari. Hann var hjá okkur þrjá daga í röð og leiðbeindi börnunum í verkefnavinnu tengda fjörummi. Þessi samvinna var mjög skemmtileg og fengu öll börnin notið kennslu hans, stór og smá. Hluti af þessum verkum fer á sýningu í Safnasafninu í sumar þar sem Guðmundur er einnig að sýna.



Með bestu kveðju og ósk um gleðlega páskahátíð.

Álfaborgarfólk.

Lítið um öxl

Séra Bolli Gústavsson skrifaði um Kaupfélag Svalbarðseyrar í tilefni af 90 ára afmæli þess í Samvinnuna árið 1979.

Með risa á báðar hendur

Við innanverðan Eyjafjörð stendur höfuðstaður Norðurlands, Akureyri. Hún hefur notið nokkurrar sérstöðu, þar sem atvinnulíf hefur verið þar stöðugra og sveifluminna en víðast hvar annars staðar og sigið á jafnt og þétt, raunar með meiri þrótti og hraða hin síðari ár, en nokkru sinni fyrir. Þar hefur samvinnuhreyfingin átt drýgri þátt í heilbrigðri atvinnuuppbyggingu, en nokkur aðili annar og notið þar stuðnings nágrannabyggða, þar sem landbúnaður er rekinn með fágætum dug og hagsýni í veðursælu og fjósömu héraði. Austan fjarðar við rætur Vaðlaheiðar er Svalbarðsströnd, sem telst til Suður-Pingeyjarsýslu. Gegnt Akureyri sýnist undirlendi að vísu lítið, bæir standa þar á hjöllum, sem eru gróðri vafðir. Landrými er þó meira en það virðist í fljótu bragði og eru þar víða miklar engjar, gróin tún og nýræktir í hvarfi við leiti og hjalla. Er norðar dregur breikkar ströndin og verður breiðust um Svalbarð, sem er fornfrægt stórbýli og kirkjustaður um aldir. Þar er þéttbýli mest, þótt öll sé ströndin þéttsetin, ræktuð og búsaeldarleg. Nálægt miðri strönd í landi Svalbarðs, undir hárrí brekku gengur í sjó fram lítill eyri. Það er Svalbarðseyri. Hún varð löggiltur verzlunarstaður árið 1894 og hefur verzlun verið þar síðan. En áður var lagður grundvöllur að Kaupfélagi Svalbarðseyrar. Þrátt fyrir verzlunina, hefur þó varla verið hægt að kalla Svalbarðseyri þorp vegna fámennis, fyrir en nú hin síðustu árin. Á ótrúlega skömmum tíma hefur risið íbúðahverfi upp í Svalbarðstúni og bendir allt til þess, að sú byggðarþróun verði ekki stöðvuð. Forystumenn Kaupfélags Svalbarðseyrar hafa unnið ötullega að því, að leggja grundvöll að vaxandi, fjölbreyttu atvinnulífi. Dylst það engum, sem leggur leið sína niður á eyrina, að þar er unnið af hjartýni og áhuga.

Þetta er einungis örlitill hluti greinarinnar sem má finna í heild sinni á timarit.is. Með henni má líka sjá margar myndir frá starfi Kaupfélagsins.

Samvinnan, 7.-8. tbl. (01.10.1979), bls. 8
http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=4295400

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 21. apríl.